

## Síðari úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2015

### Verkefnastyrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar:

**Austurgátt / Fly Europe** hlýtur kr.3.500.000 styrkvilyrði. Verkefnið lýtur að millilandaflugi milli Egilsstaða og London sem hefst í vor á vegum Discover the World í samstarfi við Tanni Travel og Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf. sem er umsækjandi. Markmiðið er að stuðla að millilandaflugi um aðra flugvelli en Keflavík á ársgrundvelli í framtíðinni og efla þannig ferðapjónustu og atvinnuuppbyggingu á Norðausturlandi.

**Proteinmjöl úr jarðhita** hlýtur kr. 3.000.000 styrkvilyrði. Verkefnið felst í að þróa aðferð til að vinna próteinríkt fóðurmjöl úr kolefnisútblastri frá jarðhitavirkjunum. Umsækjandi er nýsköpunarfyrirtækið Geo-Protein ehf., sem í samstarfi við Landsvirkjun undirbýr og kannar hagkvæmni á uppsetningu tilraunaverksmiðju við Kröfluvirkjun.

**Heimaslóð** hlýtur kr. 1.500.000 styrkvilyrði. Heimaslóð er tímabundið átaksverkefni um að efla búskap og stuðla að jákvæðri þróun í landbúnaði í Þingeyjarsýslu. Umsækjandi er BSSÞ í samstarfi við BSNÞ, búgreinasamtök í Þingeyjarsýslu, Sparisjóð Suður-Þingeyinga, RML og AÞ.

**Twin town bird festival: Vardö-Húsavík** hlýtur kr. 1.000.000 styrkvilyrði. Verkefnið snýst um að efna til fuglahátíðar á Húsavík í beinu framhaldi af fuglahátíðinni Gullfest í Varanger í Noregi. Að verkefninu stendur Fuglastígur á Norðausturlandi í samstarfi við Biotope, forsvarsmenn Gullfest og Norðurþing. Markmiðið er að styrkja ímynd Norðausturlands sem fuglaskoðunarsvæði á heimsvísu.

**Mýsköpun: Markaðssetning og kynningarátak erlendis** hlýtur kr. 1.000.000 styrkvilyrði. Mýsköpun vinnur að því að koma upp þörungaverksmiðju í Mývatnssveit og felst þetta verkefni í því að koma á tengslum við stofnanir og fyrirtæki erlendis sem eru framarlega á því sviði.